

Fundargerð Þjóðgarðsráðs Snæfellsjökulsþjóðgarðs

14. fundur

14. Október 2024 í fjarfundi

Mættir: Kristinn Jónasson, Hákon Ásgeirsson, Inga Dóra Hrólfsdóttir, Magnús Aðalsteinn Sigurðsson, Anna Hallgrímsdóttir og Sigurður Guðjónsson.

Fjarverandi: Þórður Runólfsson

Gestir: Margrét Björk Björnsdóttir

Fundargerð ritaði Hákon Ásgeirsson

1. Margrét Björk Björnsdóttir frá Markaðsstofu Vesturlands, fer yfir vinnu varðandi komur skemmtiferðaskipa.
 - Verkefnið móttaka skemmtiferðaskipa og skipafarþega er unnið með sveitafélögum á Snæfellsnesi og Snæfellsjökulsþjóðgarði.
 - Unnið að samtali sátt og skilningi. Gerð hagsmunaaðilagreining og hlestu hagsmunaaðilar boðnir á fundir, einnig haldnir opnir fundir fyrir alla.
 - Fyrst unnið að greiningu, svót gerining, hvaða áherslur heimafólk vill hafa og hvernig það vill taka á móti gestum.
 - Til að tryggja góða móttöku var ofalega í hugum hjá fólki að góðir innviðir væru til staðar, þolmörk svæða og góð samvinna við hagaðila og samfélag.
 - Svótgreining – Þjóðgarðurinn var ofalega í huga allra, stóllt flestra og það sem fólk vill vísa fram, einnig voru salerni ofalega og talin mikilvæg að séu til staðar og í lagi.
 - Ógnir – skortur á svamvinnu og samtali, þolmörk, skortur á innviðum og skortur á starfsfólki og húsnæði.
 - Tækifæri – uppbygging innviða, samstarf, fleiri áningastaðir. Kynning á þéttbýli og efla afþreyingarþjónustu.
 - Þá var skilgreint hver hefur hvaða hlutverk í móttöku gesta. Hvað á ríki og sveitarfélög að gera.
 - Lögð áhersla á hvað heimamenn vilja eins og samstarf, samtal, samfélagið ákveði áningastaðina, ekki séu of stórir hópar á hverjum stað. Að stuðla að sjálfbærni fyrir náttúru og samfélag.
 - Lögð áhersla á að heimamenn sýni gestrisni, hugsum vel um umhverfið og fleira.
 - 64 skip komu í Grundafjörð í ár. Sjö snéru við vengja veðurs.
 - Þjóðgarðurinn spilar stórt hlutverk í móttöku skipa, þar er starfsfólk, innviðir, og fræðsla og upplýsingar. Lang stærsti hluti gesta fara í þjóðgarðinn.
 - Leiðbeiningr um móttöku gesta voru einungis gerð fyrir Grundafjarðabæ. Ekki tilbúin að vinna leiðbeiningar fyrir aðrar staði eins og er.

Spurt er hvernig leiðbeiningar virka; Þær eru á tveimur síðum fyrir hvern stað, þar kemur fram hvað er vilji til að bjóða upp á og hvað síður ætti að bjóða upp á. Sem sagt hvers við væntum af gestum okkar.

Bent var á aðþolmörk og öryggi væru í sama lið, væri hægt að hafa það í sitthvorum liðnum?

Varðandi öryggismál, þá var m.a. unnið að því að bæta upplýsingaflæði þegar gestir slasast í landi, að gestir séu merktir því skipi sem það er á, að tenging sé við fulltrúa skipa og viðbragðsaðila í landi.

Dæmi um vöntun á innviðum er t.d. í Grundafirði þar sem skipagestir ganga eftir veginum að Kirkjufellsfossi, veldur umferðateppu og getur skapað hættu.

Ánægja er með uppbyggingu innviða í Þjóðgarðinum almennt.

Spurt er hvar þetta verkefni er stadd í dag og hver er stefnan? Verkefnið snéri um að fá fram þessar upplýsingar sem eru komnar. Ekki tilbúin að gera sér plagg fyrir Þjóðgarðinn þar sem skipin koma ekki í land í Þjóðgarðinum. Vilja að fyrirtækin/stofnanirnar í landi sjái sjálf um það. Búið er að skipa norðurslóða vinnuhóp, samstarfsverkefni um móttöku skipa. Er ekki virkur hópur eins og er.

Spurt er hverngi gekk að breyta flæði ferðamanna um svæði sem var tilraunaverkefni í sumar? Einn aðili kom á fót fyrirtæki í héraði til að vinna fyrst og fremst að móttöku gesta skipa.

Fram kom að Þjóðgarðurinn vil gjarnan fá ábendingar um hvað má gera betur og hvað má bæta.

Spurt er hvort einhver miðstýring sé í landi fyrir gesti sem koma úr skipum? Það er félag sem heitir Cruse Iceland sem markaðssetur Ísland fyrir skemmtiferðaskip. Það verður lítið efitr á Snæfellsnesi vegna þess að mörg þessara fyrirtækja sem taka á móti gestunum koma úr Reykjavík. Vantar að fyrirtæki í héraði sjái um móttöku og að það verði meira fjármagn eftir í héraði.

2. SVOT - Inga Dóra fer með okkur í gegnum þá vinnu.
3. Aðgerðaráætlun – Í vinnslu er að uppfæra aðgerðaráætlun Þjóðgarðsins.
4. Frágangur við Þjóðgarðsmiðstöðina - Liggur hjá ráðuneytinu með fjármögnun, samtal er í gangi. Umhverfisstofnun kemur til með að vinna að frágang útisvæðis og svo unnið að stækkun bílastæðis í samvinnu við sveitarfélag.
5. Staðan á sýningunni í Þjóðgarðsmiðstöðinni. - Er í lögfræði ferli, unnið að samkomulagi við skiptastjóra.
6. Eldfjallasafn Haraldar Sigurðssonar. - Ósk um að Þjóðgarðurinn taki við safninu. Ríkið skoðar að kaupa safnið. Hvernig passar þessi sýning inn í starfsemi í Þjóðgarðinn?
7. Framkvæmdir við bílastæðið á Djúpálónssandi. - Þjóðgarðsvörður fór yfir framkvæmdina. Búið að malbika og merkja stæði; 34 fólksbílastæði, 2 fyrri hjólastóla, 2 rútustæði, 2

smárútustæði, möguleiki á 2 rútustæðum til viðbótar. Mikilvægt varðandi rútustæði að rútum sé lagt í réttri röð, að lagt er efst fyrst og svo koll af kolli.

9. Önnur mál.

Þrýsta þarf á að fá fjármagn fáið í byggingu salernis við Djúpalónsandi. Sveitafélag og þjóðgarðurinn vinni sameiginlega að því.

Ósk landeigneda á Einarslóni að byggja hótél, komið á borð ráðuneytis og sveitafélags.

Fundi slitið kl. 15:30